

AUSTURLEIÐ
Um Hrafnkelsdal
Kynning framkvæmda

Magnús Björnsson



Áætlanir og hönnunarkaup Akureyri
September 2007

EFNISYFIRLIT

1	YFIRLIT	2
1.1	ALMENNT.....	2
1.2	MARKMIÐ FRAMKVÆMDAR.....	2
1.3	MATSSKYLDA.....	2
1.4	AFMÖRKUN OG ÁHRIFASVÆÐI FRAMKVÆMDAR	2
1.5	LEIÐIR	2
1.6	SKIPULAG.....	3
1.7	LEYFISVEITENDUR	3
1.8	RANNSÓKNIR.....	3
2	STAÐHÆTTIR Á FRAMKVÆMDASVÆÐI	4
2.1	STAÐHÆTTIR.....	4
2.2	NÚVERANDI VEGUR.....	4
3	FRAMKVÆMDALÝSING	4
3.1	VEGUR.....	4
3.2	EFNISÞÖRF	4
3.3	FRÁGANGUR.....	5
3.4	VINNUBÚÐIR	5
3.5	REKSTUR.....	5
4	UMHVERFIS- OG FRAMKVÆMDAÞÆTTIR	6
4.1	ÞÆTTIR SEM LÍKLEGA VALDA UMHVERFISÁHRIFUM.....	6
4.1.1	Vegagerð	6
4.1.2	Efnistaka	6
5	ÁHRIF FRAMKVÆMDAR	7
5.1	LANDSLAG.....	7
5.2	LANDEIGENDUR OG LANDNOTKUN.....	7
5.3	VATN	7
5.4	GRÓÐURFAR OG DÝRALÍF	7
5.5	JARÐMYNDANIR	8
5.6	SVÆÐI Á NÁTTÚRUMINJASKRÁ.....	8
5.7	MENNINGARMINJAR	9
6	AÐGERÐIR Á FRAMKVÆMDATÍMA	10
7	NIÐURSTAÐA	10
8	HEIMILDIR	11
9	TEIKNINGAR	11

1 YFIRLIT

1.1 ALMENNT

Vegagerðin er að beiðni Fljótshéraðs að kanna lagningu vegar um Hrafnkelsdal. Um er að ræða nýlagningu vegar frá núverandi vinnubúðum í Glúmsstaðadal, við Aðgöng 3 Kárahnjúkavirkjunar, niður að Laugarhúsum í Hrafnkelsdal, um 5,9 km. Forsenda þessarar tengingar er að núverandi vegslóði að Aðgöngum 3 verði látin standa áfram. Með þessum vegi fæst mun betri tenging milli Jökuldals og Vesturöræfa.

Vegagerðin hefur tekið tvær veglínur til skoðunar, línu A og línu B, en efri hluti þeirra liggur sitt hvoru megin við ána Hrafnkelu. Vegagerðin telur að lína A sé betri kostur. Vegagerðin telur að framkvæmdin muni ekki hafa umtalsverð neikvæð áhrif á umhverfið en bæta samgöngur á svæðinu nokkuð.

1.2 MARKMIÐ FRAMKVÆMDAR

Markmið framkvæmdarinnar er að bæta samgöngur á svæðinu. Með tilkomu vegar um Hrafnkelsdal verður afnumin illfær leið úr Hrafnkelsdal inn á hálendið.

1.3 MATSSKYLDA

Kanna þarf matsskyldu framkvæmdarinnar þar sem vegslóði að Aðgöngum 3 yrði notaður áfram en í mati á umhverfisáhrifum vegna Kárahnjúkavirkjunar er gert ráð fyrir að slóðinn verði að mestu jafnaður út að framkvæmdum loknum. Landsvirkjun hefur sóttu um það til Skipulagsstofnunar að skylda við að jafna út veginn, skv. mati á umhverfisáhrifum, verði aflétt. Nýbygging vegar er um 6 km langur.

Fljótshérað sendi tilkynningu til Skipulagsstofnunar til að kanna matsskyldu 8. mars 2006. Eftir að umsagnir bást var ákveðið að Vegagerðin myndi afla frekari gagna og sjá um að gera kynningargögn sem notuð yrðu við könnun á matsskyldu.

1.4 AFMÖRKUN OG ÁHRIFASVÆÐI FRAMKVÆMDAR

Áhrifasvæði framkvæmdarinnar, þar sem áhrifin eru tengd bættum og öruggari samgöngum er Austurland. Framkvæmdasvæðið sjálft, þ.e.a.s. það svæði sem fer beint undir vegagerð og efnistöku er á Fljótshéraði.

Framkvæmdin afmarkast af efnistöku, byggingu ræsa og uppbyggingu vegar á svæðinu. Rekstur mannvirkja og viðhald verður um fyrirsjáanlega framtíð eftir að framkvæmd lýkur. Mögulegt framkvæmdasvæði sést á teikningu 1.

1.5 LEIÐIR

Til skoðunar eru tvær mismunandi leiðir frá vinnubúðum í Glúmsstaðadal niður í Hrafnkelsdal.

Leið A liggur vestan við Glúmsstaðadalsá og Hrafnkelu fyrstu 2,2 km en fer síðan yfir Hrafnkelu og liggur austan við ána niður að túnum þar sem Snæfellsleið beygir upp úr Hrafnkelsdal.

Leið B liggur austan við Glúmsstaðadalsá, yfir Þuríðardalsá og síðan austur með Hrafnkelu niður að túnunum. Leiðir A og B eru eins frá þeim stað sem leið A fer yfir Hrafnkelu (sjá teikningu 1).

Ekki er gert ráð fyrir frekari framkvæmdum við veginn ofan eða neðan við fyrirhugaðan framkvæmdakafla.

1.6 SKIPULAG

Vegur um Hrafnkelsdal er inni á breyttu svæðisskipulagi Miðhálandis Íslands en breytingin var staðfest 2006. Áður gerði svæðisskipulagið ráð fyrir að vegur að vinnubúðum í Glúmsstaðadal yrði að mestu jafnaður út þannig að aðeins yrði eftir ógreinilegur slóði. Eftir er að breyta svæðisskipulagi Héraðssvæðisins til samræmis við breytt svæðisskipulag Miðhálandisins. Með stofnun Vatnajökulspjóðgarðs er gert ráð fyrir að opnuð verði svæðismiðstöð á Aðalbóli í Hrafnkelsdal til að þjóna ferðamönnum og öðrum gestum þjóðgarðsins.

1.7 LEYFISVEITENDUR

Í samræmi við 27. gr. Skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, þarf að sækja um framkvæmdaleyfi fyrir fyrirhugaðri framkvæmd til Fljótaldshéraðs.

Væntanlegur verk taki þarf að sækja um leyfi Heilbrigðiseftirlits Austurlands (skv. reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun).

1.8 RANNSÓKNIR

Starfsmenn Vegagerðarinnar hafa gengið möguleg vegsvæði og skoðað þau. Einhverjar rannsóknir hafa farið fram vegna Kárahnjúkavirkjunar. Vegagerðin hefur ekki gert neinar frekari rannsóknir á svæðinu.



Mynd 1. Horft upp Hrafnkelsdal í átt að vinnubúðum við Aðgöng 3.

2 STADHÆTTIR Á FRAMKVÆMDASVÆÐI

2.1 STADHÆTTIR

Mögulegt framkvæmdarsvæði er neðst í Glúmsstaðadal og efri hluta Hrafnkelsdal. Svæðið er í litlum hliðarhalla og nokkuð er af skorningum í því. Svæðið er vel gróið, ýmist lyngmóar eða kjarrlendi með stöku litlum votlendisblettum. Leið A liggur yfir votlendi á um 300 m löngum kafla vestan við Hrafnkelu.

2.2 NÚVERANDI VEGUR

Vegur liggur frá Brú á Jökuldal upp að Aðalbóli í Hrafnkelsdal. Þaðan er tenging upp á Vesturöræfi um Austurleið (F910). Sú leið liggur nokkuð hátt, er nokkuð brött á köflum og oft erfið yfirferðar og lokast í fyrstu snjóum.

3 FRAMKVÆMDALÝSING

3.1 VEGUR

Leið A liggur frá vinnubúðum við Aðgöng 3 í Glúmsstaðadal, yfir Glúmsstaðadalsá og meðfram henni niður að ánni Hrafnkelu að vestanverðu. Meðfram Hrafnkelu fer veglínan um gróið mólendi og kjarrlendi með nokkrum skorningum. Á milli stöðva 1300 og 1500 liggur línan um votlendi sem er áætlað um 3 ha að stærð. Veglína fer yfir Hrafnkelu á áreyrum á milli stöðva 2200 og 2400. Frá þeim stað liggja veglínur A og B saman meðfram ánni að austanverðu um nokkuð jafnt land niður að tünnum sem eru um 3 km ofan við bæinn Aðalból. Gert er ráð fyrir að setja þurfi 4-5 m breitt ræsi í Glúmsstaðadalsá en að farið verði á vaði yfir Hrafnkelu fyrst í stað.

Leið B liggur frá vinnubúðunum meðfram Glúmsstaðadalsá að austanverðu niður að Þuríðardalsá. Veglínan liggur um nokkuð jafn og gróið graslendi/mólendi. Við stöð 900 fer veglínan yfir Þuríðardalsá og síðan niður með Hrafnkelu að austanverðu. Svæðið er áfram gróið graslendi/mólendi með skorningum. Veglínan sameinast síðan Leið A við stöð 2400 eins og áður er lýst.

Hæsta vegfylling á leið A er áætluð um 8 m yfir Glúmsstaðadalsá og um 10 m yfir Þuríðardalsá á leið B. Vegskeringar eru litlar og fáar á báðum leiðum. Gert er ráð fyrir að vegur verði um 6 m breiður og lítillaga uppbyggður.

3.2 EFNISÞÖRF

Áætluð efnisþörf í verkið er um 60.000 m³ sem fengið úr haugsettu efni úr Aðgöngum 3 og skeringum. Reiknað er með um 43.000 m³ í fyllingar og fláafleyga, 2.000 m³ í efra burðarlag, 14.000 m³ af neðra burðarlagsefni og 1000 m³ í malarslitlag. Jafn mikið efni þarf í leiðir A og B. Efni úr skeringum er áætlað um 22.000 m³ á leið A en um 13.000 m³ á leið B. Gert er ráð fyrir þeim möguleika að taka efni úr Hrafnkelu en talsvert rof hefur verið í árbakka hennar undanfarið. Efni í ánni er mól og grjót.

3.3 FRÁGANGUR

Í útboðsgögnum verður greint frá hvernig haga skuli frágangi efnistökuastaða, vegkanta, fyllinga og skeringa. Reynt verður að haga framkvæmdum þannig að sem minnst rask verði á gróðri og jarðvegi og að vegskeringar og efnistökuastaðir verði ekki hafðar opnir lengur en nauðsyn krefur.

Við uppgræðslu verður farið eftir leiðbeiningum Vegagerðarinnar um gróðurhönnun á vegsvæðum í dreifbýli. Sáð verður í vegkanta og vegfláa á grónu landi í samræmi við gróður í nágrenninu. Áður en sáð er þarf að slétta landið vel í samræmi við landslag og halla. Sáð verður gróðurtegundum sem henta fyrir svæðið og skera sig ekki úr umhverfinu.

Að ósk sveitarstjórnar Fljótshéraðs verður vegur að Aðgöngum 3 látinn standa áfram í stað þess að jafna hann út eins og gert er ráð fyrir í sérstöku svæðisskipulagi og mati á umhverfisáhrifum. Hefur Landsvirkjun sótt um undanþágu frá niðurstöðu mats á umhverfisáhrifum til þess að láta veginn standa óhreyfðan.

3.4 VINNUBÚÐIR

Ef verktaki setur upp vinnubúðir, þá verður það gert í samráði við Heilbrigðiseftirlit Austurlands, landeigendur og eftirlitsmann Vegagerðarinnar. Í útboðsgögnum verður farið fram á að verktaki fari eftir öllum gildandi lögum og reglum sem um vinnubúðir gilda.

3.5 REKSTUR

Eftir að framkvæmdum lýkur tekur við rekstur mannvirkisins. Framkvæmdir sem tengjast rekstri eru m.a. viðhald og snjómokstur. Þá tengjast öryggi samgangna, umferð og mengun af hennar völdum rekstri fyrirhugaðs vegar.



Mynd 2. Horft til norðurs úr Hrafnkelsdal þar sem Glúmsstaðadalsá og Þuríðardalsá sameinast í Hrafnkelu.

4 UMHVERFIS- OG FRAMKVÆMDAÞÆTTIR

4.1 ÞÆTTIR SEM LÍKLEGA VALDA UMHVERFISÁHRIFUM

Skilgreindir eru þeir umhverfisþættir sem líklegt er að verði fyrir áhrifum vegna fyrirhugaðrar framkvæmdar og hvaða framkvæmdaþættir það eru sem valda þeim. Eftirfarandi eru þættir sem líklegir eru til að valda umhverfisáhrifum:

4.1.1 Vegagerð

Umhverfisáhrif vegagerðar fara eftir staðsetningu og hönnun vega, stærð vegsvæðis og frágangi.

Þegar endurbyggður er gamall vegur má búast við að áhrif framkvæmdarinnar séu minni en þegar um nýbyggingu er að ræða.

Vegaframkvæmd getur haft áhrif á gróin svæði, jarðmyndanir og mannvistarleifar. Uppbygging og rekstur vegar getur haft áhrif á dýralíf. Vegaframkvæmdir geta haft sjónræn áhrif og markað ný spor í landslagið.

Umferð vinnuvéla á framkvæmdartíma hefur líklega áhrif á hávaða, útblástursmengun, hættu á mengunarslysum og rykmengun.

Nýr vegur er hannaður til að auka umferðaröryggi vegfarenda og bæta samgöngur. Bættar samgöngur kunna að hafa margvísleg áhrif, t.d. á byggð á svæðinu, ferðaþjónustu/útivist og opinbera þjónustu. Loks má gera ráð fyrir að fyrirhuguð vegalagning hafi áhrif á hagræna þætti og fara þau eftir arðsemi framkvæmda. Þá hafa breyttar samgöngur áhrif á útblástur mengandi efna frá umferð.

4.1.2 Efnistaka

Umhverfisáhrif efnistöku eru háð staðsetningu, efnispörf framkvæmdarinnar og frágangi námunnar að efnistöku lokinni. Efnistökuastaðir og efnispörfin ráðast af staðsetningu vegarins.

Við lagningu vega þarf efni í klæðingu, burðarlög og fyllingar. Efnistaka getur haft áhrif á gróður, dýralíf, mannvistarleifar eða jarðmyndanir. Þá breytir efnistaka landslagi.

5 ÁHRIF FRAMKVÆMDAR

5.1 LANDSLAG

Báðar veglínur liggja um gróna lyngmóa og kjarrlendi með stöku smáum votlendisblettum. Stuttir hlutar beggja leiða liggja um áreyrar Hrafnkelu. Hæsta fylling miðað við leið A er um 8 m yfir Glúmsstaðadalsá og á leið B um 10 m yfir Þuríðardalsá. Fyrir er vegur frá Kárahnjúkavegi niður að vinnubúðum í Glúmsstaðadal og verður hann látinn standa áfram.

Áhrif á landslag

Framkvæmdin mun hafa áhrif á landslag þar sem veglínan fer um óraskað land á stórum hluta leiðarinnar frá vinnubúðum í Glúmsstaðadal. Einhverjar skeringar og fyllingar verða en skeringum verður þó haldið í lágmarki.

Gengið verður þannig frá vegsvæði að vegur falli vel að landi. Sáð verður í vegkanta eftir því sem við á.

5.2 LANDEIGENDUR OG LANDNOTKUN

Framkvæmdin er í landi Valþjófsstaða og Aðalbóls. Beitarhús og tún eru þar sem veglínur enda í Hrafnkelsdal. Svæðið er að einhverju leiti nýtt til beitar.

Áhrif á landnotkun

Áhrif á landnotkun munu verða hverfandi.

5.3 VATN

Ræsi verður sett í Glúmsstaðadalsá, sé lagður slóði miðað við leið A. Ekki er gert ráð fyrir ræsi í Hrafnkelu á leið A heldur verði farið yfir ána á vaði til að byrja með. Gert er ráð fyrir að síðar komi ræsi í Hrafnkelu. Sé leið B valin þá verður sett ræsi í Þuríðardalsá. Minni ræsi verða sett þar sem búast má við rennandi vatni eða hætta er á að vatn safnist t.d. vegna leysinga. Volgar uppsrettur eru í Hrafnkelsdal, en utan þess svæðis sem veglínur eru á.

Áhrif á vatn og vatnsverndarsvæði

Vegurinn mun hafa hverfandi áhrif á vatnsbúskap á svæðinu.

5.4 GRÓÐURFAR OG DÝRALÍF

Veglínurnar liggja um gróna lyngmóa og kjarrlendi þar sem fjalldrapi, gulvíðir og loðvíðir eru áberandi. Veglína A liggur á um 300 m löngum kafla um votlendi sem er gróft áætlað um 3 ha að stærð. Veglínan liggur neðarlega í votlendum. Stærð votlendis sem skerðist verður metin áður en framkvæmdir hefjast með hugsanlegar endurheimtur í huga. Sáð verður í vegkanta eftir því sem við á. Gróft áætlað mun annað gróðurlendi skerðast um 2,8 ha en ekki er gert ráð fyrir sérstökum ráðstöfunum vegna þess.

Ekki hefur verið kannað hvort sérstæðan gróður eða fugla er að finna á framkvæmdasvæði eða í nágrenni þess.

Áhrif á gróðurfar

Reiknað er með að áhrif framkvæmdarinnar á gróðurfar verði óveruleg. Gróðurlendi mun þó skerðast lítillega þar sem vegur fer yfir óraskað land. Votlendi mun skerðast að einhverju leiti.

Áhrif á dýralíf

Framkvæmdin getur haft tímabundin truflandi áhrif á fugla meðan á framkvæmdum stendur. Reiknað er með að áhrif á dýralíf verði óveruleg.

5.5 JARÐMYNDANIR

Skammt ofan við þar sem lína A fer yfir Glúmsstaðadalsá eru bergmyndanir sem líkjast stuðlabergi en eru þversprungnar. Aðrar merkar jarðmyndanir eru ekki þekktar

Áhrif á jarðmyndanir

Vegur mun ekki hafa áhrif á merkar jarðmyndanir.



Mynd 3. Horft til vesturs yfir Glúmsstaðadalsá. Jarðmyndanir sem líkjast stuðlabergi skammt ofan við þann stað sem veglína A fer yfir Glúmsstaðadalsá.

5.6 SVÆÐI Á NÁTTÚRUMINJASKRÁ

Vegur liggur við mörk eða lítillaga inni á eftirfarandi svæði sem er á Náttúruminjaskrá;

Snæfell, Vesturöræfi og Hafrahvammagljúfur, N-Múlasýslu. (1) Frá Eyjabakkajökli fylgja mörkin 700 m hæðarlínu að Laugará, þaðan í Fremra-Kálfafell, um Tungusporð í Búrfellstopp og þaðan beina línu í ós Dysjarár og þvert yfir Jökulsá. Að vestan fylgja mörkin vestari barmi Jökulsár á Dal inn að Kringilsá og sameinast þar eystri mörkum Kringilsárranafriðlands. (2) Vesturöræfi eru víðáttumikið og vel gróið hálendissvæði ásamt því að vera sumarland hreindýra. Mikilvægt beitiland heiðagæsa. Hafrahvammagljúfur er eitt hrikalegasta gljúfur landsins og eru gróðursælir hvammar meðfram því.

Áhrif á svæði á Náttúruminjaskrá

Framkvæmdin mun hafa mjög lítil áhrif á þetta svæði þar sem fyrir er vegslóði að Aðgöngum í Glúmsstaðadal.

5.7 MENNINGARMINJAR

Skammt innan við Faxagil vestan við Hrafnkelu eru rústir sem eru jafnvel taldar vera frá því fyrir árið 1000. Á þessum stað liggja báðar veglínur austan við Hrafnkelu. Nálægt veglínu B, norðan við Þuríðardalsá, sjást minjar um gamla heytóft.

Áhrif á menningarmínjar

Veglína A liggur talsvert frá minjum sunnan við Faxagil en veglína B liggur nálægt heytóftum. Mögulegt er að vegur í Hrafnkelsdal hafi áhrif á fornminjar. Fornleifafraeðingur þyrfti að fara yfir svæðið til að meta hættuna. Mögulegt er að hægt verði að færa veglínu til að hlífa minjun en annars yrði farið í nánari könnun í samráði við Minjavernd.



Mynd 4. Heytóftir við Þuríðardalsá, skammt ofan við þar sem veglína B fer yfir ána.

6 AÐGERÐIR Á FRAMKVÆMDATÍMA

- Reynt verður að halda raski á landi í lágmarki og skerða gróðurlendi sem minnst. Lögð verður áhersla á að raska hvergi landi utan við vegsvæði og skeringasvæði. Verður m.a. allur akstur tækja bannaður utan framkvæmdasvæðis á verk tíma.
- Í útboðsgögnum verður farið fram á að verktaki fari að öllum gildandi lögum og reglum sem um vinnubúðir gilda.
- Landeigendum verða greiddar landbætur vegna skerðingar á landi.
- Vegagerðin mun græða upp fyllingar og vegskeringar í veglínunni þar sem við á.

7 NIÐURSTAÐA

- Nýr vegur verður lagður á um 5,9 km löngum kafla.
- Núverandi vegur að Aðgöngum 3 í Glúmsstaðadal verður látinn standa áfram í stað þess að jafna hann út eins og ráð var fyrir gerð.
- Efnistaka er fyrirhuguð úr vegskeringum og úr haugsettu efni úr Aðgöngum 3. Mögulegt er þó að eitthvað efni verði tekið úr Hrafnkelu.
- Kanna þarf matsskyldu framkvæmdar samkvæmt lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.
- Reiknað er með að neikvæð áhrif framkvæmdarinnar verði óveruleg. Svæðið verður jafnað, grætt upp og reynt að gera sár í landinu sem minnst áberandi.
- Vegagerðin telur að veglína A sé betri kostur en veglína B.

8 HEIMILDIR

1. Námur, efnistaka og frágangur, 2002: Hafrannsóknarstofnun, Landsvirkjun, Iðnaðarráðuneytið, Umhverfissráðuneytið, Vegagerðin, Veiðimálastofnun, Samband íslenskra sveitarfélaga, Náttúruvernd ríkisins, Veiðimálastjóraembættið, Siglingastofnun og Landgræðsla ríkisins. Reykjavík, 75 bls.
2. Náttúruminjaskrá, júní 2007: Heimasíða Umhverfisstofnunar, <http://www.ust.is/Naturuvernd/Naturuminjaskra/>.
3. Skipulagsstofnun 2007: Breytingar á vegi F910 frá Laugarhúsum í Hrafnkelsdal inn á Kárahnjúkaveg. [Bréf vegna könnunar Fljótsdalshéraðs á matsskyldu og fylgiskjö]. 26. júní 2007. nr. 2006030034; 7920; 9310

9 TEIKNINGAR

Teikning 1. Vegagerðin, (2007): Grunnmynd, mkv. 1:5.000, 3 myndir